

Föstudaginn 19. desember 1941.

Nr. 69/1941. **Réttvísing** (Magnús Thorlacius cand. jur.)
gegn

**Víglundi Kristjánssyni, Mikael Sigfinnssyni
og Ólafi Ólafssyni**

(Einar Ásmundsson cand. jur.).

Refsað fyrir fjárhættuspil.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða Víglundar Kristjánssonar varða að nokkru við 10. og 12. gr. laga nr. 51/1928 og að nokkru við 181. og 183. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot ákærða Mikael Sigfinnssonar og Ólafs Ólafssonar varða að nokkru við 12. gr. laga nr. 51/1928 og að nokkru við 183. gr. áður-nefndra hegningarlaga. Þykir refsing hvers hinna ákærðu hæfilega ákveðin, og að nokkru leyti með skírskotun til 2. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í héraðsdóminum greinir. Svo þykir og mega staðfesta ákvæði héraðsdómsins um fjár-
upptöku og greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Hinum ákærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunar-
kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækj-
anda og verjanda fyrir hæstarétti, 450 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Hinir ákærðu, Víglundur Kristjánsson, Mikael Sig-
finnsson og Ólafur Ólafsson, greiði in solidum allan
áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutnings-
laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, héraðs-
dómsmálflutningsmannanna Magnúsar Thorlacius og
Einars Ásmundssonar, 450 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. júní 1941.

Ár 1941, föstudaginn 20. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem
haldinn var af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni,

sakadómara, í skrifstofu réttarins, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1929—1931/1941: Réttvisin gegn Víglundi Kristjánssyni, Michael Sigfinnssyni og Ólafi Ólafssyni, sem tekið var til dóms 18. f. m.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Víglundi Kristjánssyni, Miðstræti 6, Michael Sigfinnssyni, Laugaveg 84 og Ólafi Ólafssyni, Bergstaðastræti 45, hér í bæ, fyrir brot gegn 20. kafla hegningarlaga nr. 19 1940.

Ákærði Víglundur Kristjánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. nóvember 1908, og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt ákæru né refsingu.

Ákærði Michael Sigfinnsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. marz 1913, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1938 $2\frac{1}{2}$ Áminning fyrir brot á 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1941 $1\frac{1}{4}$ Áminning fyrir ógætilegan akstur.

Ákærði Ólafur Ólafsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. maí 1903, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1930 $1\frac{1}{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1930 $1\frac{5}{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $1\frac{7}{8}$ Sátt, 600 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

1931 $3\frac{1}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $2\frac{2}{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $1\frac{2}{10}$ Dómur hæstaréttar, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 277 gr. sbr. 271 gr. alm. hegningarlaga og 367 kr. skaðabætur.

1931 $2\frac{3}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1932 $\frac{9}{8}$ Sátt, 1000 kr. sekt fyrir ólöglega áfengisbruggun og sölu.

1933 $2\frac{5}{8}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 2000 kr. sekt og 3. mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $1\frac{3}{4}$ 1933.

1933 $2\frac{9}{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnaðarhilmingu.

1935 $\frac{7}{2}$ Sátt, 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1935 $1\frac{1}{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 $1\frac{6}{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 255. gr. alm. hegningarlaga.

Tildrög máls þessa eru þau, að í lok septembermánaðar 1940 fékk rannsóknarlögreglan í Reykjavík grun um, að ákærðu Michael og Víglundur hefðu undanfarið lagt stund á fjárhættuspil í atvinnuskyni. Var húsrannsókn gerð hjá ákærða Michael þann 15. nóvember 1940, en hjá ákærða Víglundi daginn eftir, og þeir þá báðir úrskurðaðir í gæzluvarðhald.

Ákærði Ólafur var úrskurðaður í gæzluvarðhald þann 17. nóv. s. á., og húsrannsókn gerð hjá honum 20. sama mánaðar. Sátu hinir ákærðu í gæzluvarðhaldi til 29. nóvember s. á.

Við rannsókn málsins hefur verið leiddur fjöldi vitna, og er það upplýst, að allir hinir ákærðu hafa mikið stundað fjárhættuspil. Hefur venjulega verið spilaður „poker“, en stundum „21“ eða „manni“. Þegar „poker“ var spilaður, var upphaflega fyrsta boð 25 aurar, 50 aura milliboð og 3 krónu lokaboð, en síðar var þetta hækkað í 25 aura, 3 kr. og 7 kr. og aftur hækkað í 1 kr., 5 kr. og 10 kr. og loks í 5 krónur, 15 krónur og 30 krónur. Þá hefur komið fyrir, að meira hefur verið lagt undir og jafnvel að boðin hafi farið upp í 300 krónur. „21“ hefur verið spilað mismunandi hátt, en venjulega með 1 eða 2 krónu framlagi, en mönnum í sjálfsvald sett, hvað þeir bjóða. Spilamennska þessa hófst árið 1937, og var henni haldið áfram, en mest kvað að henni árið 1940, aður en ákærðu voru teknir fastir. Hefur hún aðallega farið fram á heimilum hinna ákærðu, og hafa þeir, einn eða fleiri, tekið þátt í henni í hvert sinn. Rúmlega 30 vitni hafa verið leidd, sem tekið hafa þátt í fjárhættuspilum þessum. Hafa flest vitni þessi borið, að þau hafi tapað háum upphæðum, samtals um 38 þúsund krónur, og að gróðinn hafi aðallega lent hjá hinum ákærðu. Vitnið Torfi Halldór Halldórsson hefur borið, að ákærður Ólafur hafi á einni nóttu grætt af sér kr. 2700.00, og hefur ákærður Ólafur viðurkennt að hafa grætt mestalla þessa fjárhæð. Þá hefur enn fremur sama vitni borið, að ákærði Michael hafi grætt af sér eina nótt kr. 900.00, en ákærði Michael hefur viðurkennt að hafa grætt af vitninu í þetta sinn á fimmta hundrað krónur. Ákærði Viglundur hefur viðurkennt að hafa í maí 1940 átt um 8000 króna spilagróða.

Vitnið Lárus Harry Eggertsson hefur borið, að ákærðu Viglundur og Ólafur hafi lagt að sér að spila við þá, og sum vitni hafa talið, að allir hinir ákærðu hafi, hver í sínu lagi, lagt sig fram til þess að ná í menn og staðið fyrir spilamenskunni. Gegn eindreginni neitun ákærðu verður þó ekki talið sannað, að ákærðu hafi gerzt sekir um að koma öðrum til þátttöku í fjárhættuspilum.

Ákærði Viglundur fluttist hingað til bæjarins vorið 1937 og byrjaði brátt að spila fjárhættuspil. Hefur hann viðurkennt, að hann hafi í upphafi veru sinnar hér tapað öllu fé sínu í fjárhættuspilum, og hafi hann því verið alger öreigi. Hélt hann samt áfram að vera þátttakandi í fjárhættuspilum, þar til mál þetta hófst. Ákærði hefur áætlað eyðslu sína þessi ár um 4000.00 krónur á ári, en síðar lækkað þetta niður í 2400.00 krónur, og eru eignir hans nú rúmlega 1000 krónur í banka, verðbréf samtals að upphæð rúmlega 1500.00 krónur og húsgögn, sem hann áætla að séu 300.00 króna virði. Hefur ákærði jatað, að hann hafi þetta tímabil lifað á því að

spila fjárhættuspil og stundað þá háttsemi sem atvinnu og enga aðra atvinnu stundað. Ákærði hefur síðar tekið aftur þessa játningu sína og gert nánari grein fyrir tekjum sínum og fjárhag árin 1937—1940 og lagt fram nokkur gögn um atvinnu sína árin 1937 og 1938. Þær ástæður, sem hann hefur fært fram fyrir þessari afturköllun sinni, virðast að miklu leyti vera óábyggilegar, og verður að telja nægilega sannað með framburði vitna, sem leidd hafa verið í máli þessu, að ákærði hafi á árunum 1937—1940 gert sér fjárhættuspil að atvinnu og að hann hafi árið 1939 og þar til hann var handtekinn í nóvember 1940 aflað sér framfærslu með fjárhættuspili, þar sem hann hefur ekki getað fært rök að, að hann hafi aflað sér hennar með öðru móti. Með þessu framferði sínu hefur ákærði Viglundur gerzt brotlegur gegn 181. og 183. gr. hegningarlaga, sbr. að nokkru 2. gr. sömu laga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaga þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald hans frá 16.—29. nóvember 1940 skuli með fullri dagatölu koma til frádráttar refsivist hans.

Ákærði Michael byrjaði að spila fjárhættuspil sumarið 1937. Hefur hann játað að hafa frá þeim tíma og þar til hann var tekinn fastur í nóvember 1940 spilað mikið upp á peninga. Þetta tímabil hefur aðalatvinna hans verið sjómennska á vetrarvertiðum og eins yfir sildveiðitímann. Ákærði kveðst aðallega hafa haft tekjur sínar af sjómenskunni, en hefur viðurkennt að hafa eytt nokkuð miklu fé, og kveður hann eignir sínar vera nú 1000 krónur geymdar hjá ákærða Viglundi, 265 kr. í peningum og eitthvað af húsgögnum. Í fjárhættuspilum þessum kveðst ákærði í heild ekkert hafa borið úr bítum, en þrátt fyrir það verður að telja nægilega sannað með framburði vitnanna Björns Eggertssonar, Torfa Halldórs Halldórs-sonar, Guðlaugs Brynjólfs Jónssonar, Finnboga Rúts Kolbeinssonar og annarra vitna, sem leidd hafa verið í máli þessu, og með framburði ákærða Viglundar, að ákærði Michael hafi grætt allmikið fé í fjárhættuspilum. Hefur ákærði játað að hafa spilað þessi fjárhættuspil í gróðaskyni. Eins og lýst hefur verið að högum ákærða hafi verið háttáð, verður með framansögðu að teljast nægilega sannað, að ákærði hafi stundað þessi fjárhættuspil í atvinnuskyni. Ákærði Michael hefur því gerzt brotlegur gegn 183. gr. sbr. að nokkru 2. gr. hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaga þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða frá 16.—29. nóvember skuli með fullri dagatölu koma til frádráttar refsivist hans. Eftir atvikum þykir mega ákveða refsingu ákærða skilorðsbundna, þannig að henni sé frestað og hún falli niður eftir 2 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð 6. kafla hegningarlaga eru haldin.

Ákærði Ólafur hefur viðurkennt að hafa, síðan hann kom hingað

til bæjarins frá Kaupmannahöfn fyrri hluta sumars 1937, gert mjög mikið að því að spila fjárhættuspil. Frá því hann kom heim og þar til í apríl 1939 kveðst hann ekki hafa haft fasta atvinnu eða atvinnurekstur, en á því tímabili fengizt nokkuð við framleiðslu leikfanga. Í aprílmánuði 1939 kveðst hann hafa stofnað fornsölu þá, sem hann rekur ennþá. Fyrir rétti hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi haft kr. 2025.37 tekjur af fornsölunni sér til framfæris, síðan hún byrjaði að starfa, og auk þess um 300 króna tekjur af frímerkjasölu. Eignir kveðst ákærður engar eiga, nema kr. 495.00. Ákærði hefur jatað að hafa spilað fjárhættuspil í því skyni að afla sér fjár, en hann hefur ekki getað um það sagt, hve mikla fjárhæðir af spilagróða hans kunni að hafa gengið til eigin eyðslu eða framfæris. Með framangreindu og framburði vitna, sem leidd hafa verið, verður að telja nægilega sannað, að ákærði Ólafur hafi gert sér fjárhættuspil að atvinnu. Hefur hann því gerzt brotlegur gegn 183. gr. sbr. að nokkru 2. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða frá 17.—29. nóvember 1940 skuli með fullri dagatölu koma til frádráttar refsivist hans.

Af réttvísinnar hálfu hafa verið gerðar kröfur til upptektar á kr. 2008.00, sem stóðu inni í ávisanabók ákærða Viglundar Kristjánssonar, nr. 1339 við Útvegsbanka Íslands h.f., Reykjavík. Ákærði Viglundur hefur borið, að ákærði Michael ætti 1000.00 krónur af þessari fjárhæð. Kveður hann, að ákærði Michael hafi beðið sig fyrir þessa peninga í tvennu lagi með stuttu millibili, 500 krónur í hvort sinn. Afganginn kveðst ákærði Viglundur eiga sjálfur. Í réttarhaldi 16. nóvember s. l. kveðst ákærði Michael ekkert fé eiga. Kveðst hann hafa lagt tæpar 2000 krónur af sumarkaupi sínu inn á sparisjóðsbók í haust, en eiga óeytt af innstæðunni aðeins 5 krónur. Í réttarhaldi 23. nóvember s. á. breytir ákærði Michael þessum framburði sínum og kveðst nú eiga 1000 krónur í peningum geymdar hjá ákærða Viglundi, og kveður hann peninga þessa vera eftirstöðvar af sumarkaupi sínu, en ekki spilagróða. Hefur ákærði Michael síðan haldið fast við þetta. Af umræddri fjárhæð, kr. 2008.00, hafa kr. 500.00 verið lagðar inn í ávisanabókina 5. nóvember 1940 og kr. 500.00 11. sama mánaðar. Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að ákærði Michael sé eigandi að nefndum 1000.00 krónum af innstæðu bókarinnar, og þar sem ekki verður talið sannað gegn framburði ákærða Michaels, að hér sé um vinning af fjárhættuspili að ræða, verður ekki hægt að taka kröfu réttvísinnar um upptöku nefndra 1000 króna af innstæðu bókarinnar til greina. Aftur á móti er kr. 1008.00 af innstæðu bókarinnar eign ákærða Viglundar, og þar sem hann hefur árin 1939 og 1940 aflað sér framfærslu með fjár-

hættuspili, verður að telja, að hér sé um vinning af fjárhættuspili að ræða, og ber því samkvæmt 2. mgr. 183. gr. hegningarlaganna að gera nefndar kr. 1008.00 upptækar.

Þá ber að dæma hina ákærðu til þess að greiða in solidum allar sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hdm. Sigurðar Ólasonar, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Viglundur Kristjánsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en gæzluvarðhald hans frá 16.—29. nóvember 1940 komi með fullri dagatölu til frádráttar hinni ídæmdu refsingu.

Ákærði Michael Sigfinnsson sæti fangelsi í 2 mánuði, en gæzluvarðhald hans frá 16.—29. nóvember 1940 komi með fullri dagatölu til frádráttar hinni ídæmdu refsingu. Refsingu hans skal frestað og hún falla niður eftir tvö ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð 6. kafla hegningarlaganna eru haldin.

Ákærði Ólafur Ólafsson sæti fangelsi í 3 mánuði, en gæzluvarðhald hans frá 17.—29. nóvember 1940 komi með fullri dagatölu til frádráttar hinni ídæmdu refsingu.

Kr. 1008.00 af innstæðu ávisanabókar ákærða Viglundar Kristjánssonar nr. 1339 við Útvegsbanka Íslands h.f., Reykjavík, skulu upptækar og renna í rikissjóð Íslands.

Ákærðir greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, hdm. Sig. Ólasonar, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1941.

Kærumálið nr.7/1941. **Kristín Björnsdóttir**

gegn

Þorleifi Ben. Þorgrímssyni.

Deila um, hvort krafa hefur verið lögð réttilega til sátta.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, sem hingað barst 9. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 3. þ. m. af Birni lögmanni Þórðarsyni. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felld-